

D Ó M U R

Mál þetta var höfðað með stefnu birtri 4. júní 2014 og dómtekið að lokinni aðalmeðferð 8. desember sl. Stefnandi er Dalsnes ehf., Fossaleyni 21, Reykjavík. Stefndi er Landsbankinn hf., Austurstræti 11, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndi greiði sér 145.137.317 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 4. júní 2014 til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu, en til vara lækkunar á kröfum stefnanda. Hann krefst einnig málskostnaðar.

Helstu ágreiningsefni og yfirlit um málsatvik.

Meginágreiningur aðila snýr að því hvort við endurútreikning gengistryggðs láns, sem stefnandi tók hjá Landsbanka Íslands hf. 30. júní 2005 og nánar er gerð grein fyrir síðar, hafi borið að taka tilliti til fullnaðarkvittana vegna þeirra sammingsvaxta sem stefnandi hafði þá greitt. Atvik málsins eru að meginstefnu ágreiningslaus og er ekki um það deilt að umrætt lán hafi verið bundið ólögmætri gengistryggingu.

Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir af hálfu lögmanns stefnanda að ef fallist væri á málsástæður hans um fullnaðarkvittanir væri því ekki mótmælt að tölulegar forsendur stefnda yrðu lagðar til grundvallar dæmdri fjárhæð. Er því ekki lengur um að ræða tölulegan ágreining aðila að því er skiptir máli fyrir úrlausn málsins. Að síðustu liggur fyrir að stefndi hefur tekið við réttindum og skyldum lánveitanda af Landsbanka Íslands hf. vegna umrædds láns, sbr. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 9. október 2008, og er því réttilega stefnt til varnar.

A

Stefnandi gerði samning við Landsbanka Íslands hf. 30. júní 2005 sem bar yfirskriftina „ISK 153.000.000,- Lánssamningur“. Þá kom fram í upphafi sammingsins að um væri að ræða „fjölmýntalán til 5 ára að jafnvirði kr. 153.000.000,-“ í svissneskum frönkum (70%) og japönskum jenum (30%). Jafnframt kom fram að fjárhæð gjaldmiðilsins ákvarðist þó ekki fyrr en tveimur virkum bankadögum fyrir útborgunardag lánsins. Lánsnúmer sammingsins var 0106-36-3224. Í grein 2.1. í samningnum var kveðið á um að lánið skyldi greiðast að fullu á næstu 5 árum með 15 afborgunum á 4 mánaða fresti, þannig að á fyrstu 14 gjalddögum, hverjum um sig, skyldu greiðast 1/90 hluti lánsupphæðarinnar og á lokagjalddaga þann 14.4.2010 skyldu greiðast 76/90 hluti lánsupphæðarinnar. Fyrsti gjalddagi afborganna og vaxta var ákveðinn 14. ágúst 2005. Þá var kveðið á um í grein 3.1. að lánið skyldi bera vexti, sem skyldu vera breytilegir vextir jafnháir

LIBOR vöxtum í samræmi við lengd vaxtatímabils hverju sinni, auk 1,20% vaxtaálags. Lánið var greitt út til stefnanda í samræmi við grein 1.2. í lánasamningnum 4. júlí 2005 og voru 153 milljónir króna lagðar inn á reikning hans.

Stefnandi greiddi afborganir af láninu á hverjum gjalddaga í samræmi við greiðslutilkynningar frá stefnda. Fyrsti afborgunardagur var þann 15. ágúst 2005 og greiddi stefnandi svo á fjögurra mánaða fresti afborganir allt til 14. desember 2010 eða samtals 17 afborganir á gjalddaga.

Í október 2010 gekk stefnandi að tilboði stefnda um að stefndi greiddi upp lánið gegn 25% afskrift, miðað við stöðu þess 30. apríl 2010. Greiddi stefnandi í framhaldinu 224.826.589 krónur gegn 25% höfuðstólslækkun lánsins. Þessi greiðsla var fjármögnuð með nýju láni sem stefnandi greiddi afborganir af frá þeim tíma. Nánar tiltekið var um að ræða nýtt lán sem fékk númerið 12351. Í yfirlýsingu stefnanda dagsettri 15. apríl 2011 kemur efnislega fram sá fyrirvari að ef í ljós komi að stefnandi hafi átt betri rétt til niðurfærslu á eftirstöðvum umræddra lána, beri stefnda að ráðstafa þeim mismun inn á höfuðstól hinna nýju lána. Var vísað til yfirlýsingar á heimasíðu stefnda þess efnis að þau fyrirtæki sem nýttu sér höfuðstólslækkun myndu ekki fyrirgera rétti sínum til leiðréttingar á lánunum, ef dómstólar kæmust að þeirri niðurstöðu að lán í erlendum myntum væru ólögmæt.

Hinn 22. nóvember 2011 sendi stefndi erindi til stefnanda þar sem kom fram að stefndi hefði endurútreiknað lán nr. 0106-36-3224 í samræmi við breytingar á lögum nr. 38/2001. Niðurstaða endurútreikningsins var sú að stefnandi ætti inneign sem nam 15.729.41 krónum. Var þeirri fjárhæð skuldajafnað upp við skuld vegna tveggja annarra lánsamninga stefnanda hjá stefnda.

Í greinargerð stefnda kemur fram að í kjölfar dóms Hæstaréttar 9. júní 2011 í máli nr. 155/2011 (Motormax) hafi verið fallist á að umræddur lánsamningur hefði falið í sér ólögmæta gengistryggingu og var lánið því fyrst þá endurreiknað til samræmis við ákvæði laga nr. 151/2010, sbr. lög nr. 38/2001, og dóm Hæstaréttar 16. september 2010 í máli nr. 471/2010. Við endurútreikninginn, sem dagsettur er 22. nóvember 2011, taldist stefnandi eiga inneign að fjárhæð 15.729.411 krónur sem ráðstafað var til greiðslu annarrar skuldbindingar stefnanda við stefnda, svo sem áður greinir. Var þá miðað við að inneign stefnanda hefði borið útlánsvexti Seðlabanka Íslands frá uppgreiðsludegi lánsins 10. desember 2010 til endurútreikningsdags.

Í fréttatilkynningu stefnda 23. nóvember 2012 upplýsti stefndi að hann hefði hafið að nýju endurútreikning lána einstaklinga og lögaðila með eftirfarandi hætti: „Á næstu vikum og mánuðum mun Landsbankinn leiðrétta endurreikning allra gengistryggðra lána einstaklinga og lögaðila þar sem uppfyllt eru þau skilyrði sem

finna má í dómum Hæstaréttar frá því í febrúar (mál nr. 600/2011) og október (mál nr. 464/2012) á þessu ári.“ Í málinu liggur einnig fyrir tölvubréf frá Ólafi M. Magnússyni, starfsmanni stefnanda, 13. desember 2013 þar sem fyrirspurn fyrirvarsmanns stefnanda vegna nýs endurútreiknings er svarað á þá leið að unnið sé að nýjum endurútreikningum og vonir standi til að mál skýrist nk. janúar. Í tölvubréfi sama starfsmanns 10. febrúar 2013 kemur fram að „bankinn (eins og staðan er núna) sé búinn að taka út þetta hliðar skilyrði sem ég nefndi við ykkur þ.e. að ef krafan væri hærri en 1 x EBITDA þá væri reiknað óháð stærð“. Er vikið að þessum orðsendingum í lýsingu á málsástæðum og lagarökum stefnanda hér síðar.

Með bréfi 3. apríl 2014 tilkynnti stefndi stefnanda að stefndi hefði þegar endurreiknað umrætt lán félagsins og uppgjör farið fram. Var frekari endurútreikningi og leiðréttingu með vísan til fullnaðarkvittana hafnað. Samkvæmt því sem fram kemur í stefnu lét stefnandi þá reikna út þá fjárhæð sem svaraði til þeirra vaxta sem hann hafði greitt til 10. desember 2010, og hann taldi sig eiga fullnaðarkvittanir fyrir, í því skyni að hafa uppi kröfu gegn stefnda fyrir dómi. Ekki er ástæða til að rekja samskipti aðila frekar eftir þetta tímamark.

Í stefnu kemur fram að auk þess láns sem hér um ræðir hafi stefnandi látið reikna út tvö önnur lán. Telur stefnandi sig eiga kröfu samtals að fjárhæð 225.321.873 krónur vegna þessara lána.

Við aðalmeðferð málsins gaf skýrslu sem vitni Einar Kristján Jónsson, lögfræðingur hjá Landsbankanum hf.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir í fyrsta lagi á því að stefndi hafi viðurkennt rétt hans til að byggja á fullnaðarkvittunum vegna greiðslu sammingsvaxta af áðurlýstu láni eða hafi skapað honum lögmætar væntingar á þá leið. Hann vísar til þess að stefndi hafi skapað honum væntingar um að lánið yrði endurreiknað að nýju eða viðurkennt þennan rétt, með vísan til viðmiða um fullnaðarkvittanir fyrir greiðslu sammingsvaxta, með tilkynningu á heimasíðu sinni 23. nóvember 2012. Þessar væntingar hafi einnig verið styrktar í tölvupóstsamskiptum við starfsmann stefnda. Við munnlegan flutning málsins vísaði stefnandi einnig til þess að stefndi hefði fallist á að Innes ehf., dótturfélag stefnanda, gæti byggt rétt á fullnaðarkvittunum vegna tveggja nánar tilgreindra bílasamninga. Taldi hann í þessu felast beina viðurkenningu á því að stefnandi ætti að njóta fullnaðarkvittana vegna greiðslu vaxta af lánum sínum. Stefnandi vísar einnig til þess að svo virðist sem stefndi hafi fallist á að önnur fyrirtæki, í sambærilegri stöðu og stefnandi, gætu byggt rétt á fullnaðarkvittunum. Er í þessu efni vísað til einstakra dæma svo og skýrslu Einars

Kristjáns Jónssonar fyrir dómi. Sé stefnda, sem sé fjármálastofnun í eigu ríkisins, óheimilt að mismuna stefnanda með því að hafna fullnaðarkvittunum í hans tilviki. Í þessu sambandi hefur stefnandi talið að stefndi fari gegn 4. tl. reglna Samkeppniseftirlitsins til viðskiptabanka í ríkiseigu, sbr. álit nr. 3/2008, 12. nóvember 2008, sem og gegn ákvæði 7. tl. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins.

Í annan stað byggir stefnandi málatilbúnað sinn á því að fullnægt sé þeim skilyrðum, sem mótuð hafi verið í dómaframkvæmd, til þess að hann geti byggt rétt á fullnaðarkvittunum. Stefnandi hafi þannig verið í góðri trú um að með vaxtagreiðslum til stefnda væri hann að efna að fullu skyldur sínar að þessu leyti. Þá nemi viðbótarkrafa stefnda verulegu hlutfalli af höfuðstól. Að því er varðar skilyrðið um að festa hafi verið í framkvæmd samningsins vísar stefnandi til þess að hann hafi greitt alls 59 afborganir og alltaf á gjalddaga. Að því er varðar stöðu aðila bendir stefnandi á að stefnandi hafi enga sérþekkingu á gengismálum og alls ekki þekkingu sem jafna megi við þekkingu fjármálafyrirtækis. Þá sé enginn starfsmaður starfandi hjá stefnanda. Sjónarmiðum um að stefnandi hafi getað haft áhrif á samningsgerð er hafnað. Að því er varðar röskun á fjárhagslegri stöðu telur stefnandi að beita þurfi heildarmati. Hann vísar til þess að um sé að ræða þrjú lán og eigi að taka tillit til heildarupphæðar þeirra. Hér sé um að ræða verulega röskun á fjárhag og mun herra hlutfall af veltu en í þeim málum sem lokið hafi með dómum Hæstaréttar.

Stefnandi vísar til almennra reglna samninga- og kröfuréttar um, einkum til sjónarmiða um efndir og lok kröfuréttinda. Vísað er til vaxtalaga nr. 38/2001, með síðari breytingum, einkum með lögum 151/2010, en 72. gr. stjórnarskrárinnar um bann við afturvirkri skerðingu. Þá er vísað til meginreglu kröfuréttar um rétt til endurgreiðslu vegna þeirrar ofgreiðslu sem hafi verið greidd vegna lánessamnings.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Af hálfu stefnda er því mótmælt að stefndi hafi með nokkrum hætti skuldbundið sig til að endurreikna frekar umrætt lán. Þvert á móti telur stefndi ljóst að í áðurlýstri fréttatilkynningu í nóvember 2012 hafi verið fyrirvarar sem lutu að því að stefndi hygðist á því tímamarki einungis hefja endurútreikning lánessamninga sem „uppfylltu skilyrði“ sem kveðið var á um í dómum Hæstaréttar. Sama eigi við um tölvubréfasamskipti aðila. Þá mótmælir stefndi því einnig að hann gæti ekki viðeigandi samræmis gagnvart viðskiptavinum að því er varðar endurútreikning lána. Að því er varðar tilvísun stefnanda til endurútreiknings stefnda á svonefndum bílalanum er þeirri málsástæðu mótmælt sem of seint fram kominni, en auk þess er

vísað til þess að hér sé um að ræða lánasamninga allt annars eðlis en hér um ræðir. Að sama skapi er því alfarið hafnað að afstaða stefnda að þessu leyti fari á einhvern hátt gegn reglum Samkeppniseftirlitsins eða ákvæðum laga nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, en óljóst sé hvaða þýðingu framangreint hafi fyrir lögskipti aðila.

Í annan stað hafnar stefndi því að fullnægt sé skilyrðum til þess að stefnandi geti haft uppi viðbótarkröfu á grundvelli fullnaðarkvittana. Í þessu sambandi leggur stefndi áherslu á það skilyrði að sú byrði hvíli á stefnanda að sanna að krafa stefnda sem leiddi af 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001, hafi falið í sér umtalsvert óhagræði fyrir stefnanda, þ.á m. með tilliti til stöðu hans, starfsemi og fjárhags. Bendir stefndi á að í þessu efni verði meðal annars að líta til þess að höfuðstóll lánsins lækkaði verulega, hvort tveggja við 25% niðurfærslu höfuðstóls og við endurútreikning sem átti sér stað 22. nóvember 2011. Stefndi bendir einnig á að stefnandi sé stórt eignarhaldsfélag og verði ekki jafnað til lítils fyrirtækis eða fámenns sveitarfélags. Vísar stefndi til fyrirbyggjandi gagna málsins um tekjur og eignir stefnanda. Þá sé stefnandi hluti stórrar fyrirtækjasamsteypu og hljóti að hafa verið í stöðu til að hafa áhrif á einstök atriði í skilmálum lánsamningsins.

Einnig sé til þess að líta að fjárhæð viðbótarkröfu geti ekki talist umtalsverð, með tilliti til atvika allra og aðstæðna. Telur stefndi að í þessu efni eigi að líta til verðlagsþróunar þannig að höfuðstóll sé verðbættur áður en hlutfall viðbótarkröfu af höfuðstól sé metið. Eins sé ljóst að fjárhæð viðbótarkröfu geti ekki talist veruleg ef hún er miðuð við fjárhagslega stöðu stefnanda eða samstæðu stefnanda. Stefndi hafi, með tilliti til stærðar og umfangs, og sérfræðiþekkingar á alþjóðlegum viðskiptum, vart getað dulist samhengi milli mynttilgreiningar og vaxtaviðmiðunar og því ekki talist í góðri trú. Einnig er á það bent að öll lán, einnig það sem tekið var til uppgreiðslu þess láns sem hér um ræðir, hafi verið greidd upp. Stefndi hefur ekki talið að krafa stefnanda sé fallin niður fyrir tómlæti en telur allar athafnir og athafnaleysi stefnanda við framkvæmd og uppgjör lánsins benda til þess að hann hafi ekki orðið fyrir verulegri röskun vegna endurútreiknings stefnda á vöxtum.

Niðurstaða

Að mati dómsins gat hvorki fréttatilkynning stefnda 23. nóvember 2012 né þau bréf eða yfirlýsingar starfsmanna, sem lagðar hafa verið fram í málinu, skapað stefnanda réttmætar væntingar um að viðurkenndur yrði ríkari réttur hans, vegna fullnaðarkvittana fyrir greiðslu samningsvaxta áðurgreinds láns, en leiddi af lögum á hverjum tíma. Verður því hafnað málsástæðum stefnanda um að stefndi hafi með

Þessu skuldbundið sig til að fallast á fullnaðarkvittanir stefnanda.

A

Þá kröfu verður að gera til stefnda sem starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki að hann komi sér upp faglegu og samræmdu verklagi í samskiptum við viðskiptamenn sína og meðferð hagsmuna þeirra. Jafnframt er ljóst að verklag stefnda eða raunveruleg framkvæmd í samskiptum við viðskiptamenn getur, undir vissum kringumstæðum, skapað réttmætar væntingar viðskiptamanna til ákveðinnar meðferðar af hans hálfu. Gildir þá einu þótt stefndi sé í þessu efni ekki bundinn af formlegri jafnræðisreglu, sbr. til hliðsjónar álit Samkeppniseftirlitsins 12. nóvember 2008 nr. 3/2008 sem stefnandi hefur vísað til. Verður og að skilja málatilbúnað stefnanda þannig að hann telji stefnda hafa skapað væntingar um að tekið yrði tillit til fullnaðarkvittana, vegna greiðslu þeirra samningsvaxta sem áður greinir, með því að fallast á slíkt í málum annarra fyrirtækja í sambærilegri stöðu, svo og með því að fallast á fullnaðarkvittanir vegna greiðslu vaxta af svokölluðum bílalánnum, sem áður greinir.

Í málinu verður að horfa til þess að einu settu reglurnar, sem gilda um endurútreikning gengistryggðra lána er að finna í lögum nr. 151/2010 sem breyttu lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Gera þau lög, sem ætlað var að skýra og festa í lög þau viðmið sem fram komu í dómi Hæstaréttar 16. september 2010 í máli nr. 471/2010, ekki sérstaklega ráð fyrir því að skuldari geti byggt rétt á fullnaðarkvittunum vegna greiddra samningsvaxta af láni sem bundið var ólögmati gengistryggingu. Þvert á móti verður gagnályktað af lögum að skuldarar eigi ekki slíkan rétt.

Samkvæmt ítrekuðum fordæmum Hæstaréttar var 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins því til fyrirstöðu að með téðum lögum væru menn með íþyngjandi og afturvirkum hætti sviptir möguleikum til að byggja rétt á fullnaðarkvittunum, eins og sá réttur leiddi af almennum reglum fjármunaréttar, sbr. einkum dóm Hæstaréttar 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011. Í framkvæmd hefur raunar einnig verið fallist á að skuldarar geti byggt rétt á fullnaðarkvittunum vegna greiðslu sem fram fóru eftir gildistöku laga nr. 151/2010 hinn 22. desember 2010, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 18. október 2012 í máli nr. 464/2012, þó án þess að fram hafi komið sérstakur rökstuðningur um þetta atriði. Hvað sem þessu líður er ljóst að réttur skuldara til að byggja á fullnaðarkvittunum vegna greiðslu vaxta hefur fyrst og fremst grundvallast á túlkun dómstóla á þeim ólögfestu viðmiðum sem miða ber við þegar tekin er afstaða til þess hvort víkja beri frá meginreglunni um fullar efnir samningsskuldbindinga með vísan til fullnaðarkvittana. Þegar höfð er hliðsjón af matskenndu eðli þessara viðmiða, meðal annars áherslu dómstóla á nauðsyn heildarmats í hverju og einu tilviki, er ljóst að engan veginn hefur legið

fyrir með ótvíræðum hætti hvenær réttur til að byggja á fullnaðarkvittunum væri fyrir hendi í tilfelli einstaks skuldara eða tiltekins láns.

Að virtu því lagaumhverfi sem nú hefur verið lýst verður ekki á það fallist að stefnda hafi borið skylda til þess að falla frá einstaklingsbundnu mati í tilviki hvers og eins fyrirtækis, líkt og dómaframkvæmd gerir ráð fyrir, og miða þess í stað við ákveðnar kennitölur fyrirtækis, svo sem veltu, starfsmannafjölda og fjárhæð láns. Slík ályktun verður heldur ekki dregin af ákvæðum laga nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Þá er það alkunna að fjármálafyrirtæki kunna að semja við viðskiptavinum um tímabundna stöðvun greiðslna, lækkun eða jafnvel niðurfellingu lána með sameiginlega hagsmuni að leiðarljósi. Leiðir einnig af þessu síðastgreinda atriði að ákvarðanir stefnda um lánamál tiltekinn fyrirtækja gátu aðeins skapað stefnanda mjög takmarkaðar væntingar.

Samkvæmt öllu framangreindu verður ekki á það fallist að stefndi hafi með ákvörðunum sínum um lán annarra fyrirtækja, sem vísað hefur verið til í málinu af hálfu stefnanda, eða með framkvæmd sinni við uppgjör gengistryggðra lána, skapað stefnanda slíkar væntingar að hann eigi ríkari rétt á því að byggja á fullnaðarkvittunum en leiðir af lögum. Með sama hætti verður ekki á það fallist að jafnræðisrök, að því marki sem þau eiga við, eigi að leiða til þeirrar niðurstöðu.

Sá samningur um er að ræða í máli þessu nam 153 milljónum króna. Verður honum ekki jafnað til þeirra staðlaðra samninga um bílalán sem lúta mun lægri fjárhæðum, sbr. þá samninga sem um var deilt í því máli sem lyktaði með dómi Hæstaréttar 6. nóvember 2014 í máli nr. 110/2014. Getur það því ekki haft þýðingu um niðurstöðu málsins þótt fyrir liggi að stefndi hafi ákveðið að fallast á fullnaðarkvittanir vegna slíkra samninga, bæði almennt og í tilviki dótturfélags stefnanda, Innes ehf.

B

Dómurinn telur fram komið að hlutfall viðbótarkröfu stefnda vegna afturvirks útreiknings vaxta samkvæmt 1. málslíð 4. gr. laga nr. 38/2001 hafi í sjálfu sér verið umtalsvert hvort sem lítið er til höfuðstóls lánanna, heildarvaxtagreiðslna eða einungis þeirra fjárhæða sem hér var um að ræða. Þá verður ekki á það fallist með stefnda að um hafi verið að ræða svo fáar greiðslur eða lítið hlutfall afborgana að ekki hafi myndast nægileg festa í lögskiptum aðila að þessu leyti. Sömuleiðis verður ekki talið að sú staðreynd að vaxtagreiðslur höfðu átt sér stað um nokkuð langt skeið mæli gegn því að stefnandi geti byggt rétt á fullnaðarkvittunum.

Í málinu er hins vegar til þess að líta að árið 2011, þegar endurútreikningur fór fram námu eignir stefnanda 6,1 milljarði króna og var hagnaður það ár 1,9 milljarðar króna. Er af þessu, svo og öðrum gögnum málsins, ljóst að stefnandi er

stórt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða og gildir þá einu þótt ekki sé litið til dótturfélaga stefnanda. Einnig verður að leggja til grundvallar að stefnandi hafi í krafti fjárhagslegs styrkleika síns verið í góðri aðstöðu til að leggja mat á kosti og galla þess að taka lán sem fylgdi gengi erlendra gjaldmiðla. Getur það ekki ráðið úrslitum í þessu sambandi að stefnandi hefur ekki á að skipa launuðum starfsmönnum. Þá verður að horfa til þess að endurútreikningur stefnda leiddi ekki til þess að stefnandi væri skyndilega krafinn um auknar greiðslur heldur var þvert á móti um það að ræða að höfuðstóll lána væri færður niður á grundvelli endurútreiknings stefnanda. Er og ekki komið fram í málinu að greiðslubyrði stefnanda hafi aukist í framhaldi af endurútreikningi og töku hinna nýju lána.

Að virtum framangreindum atriðum þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á að áskilnaður stefnda um vexti samkvæmt 1. málslíð 4. gr. laga nr. 38/2001 til samræmis við ákvæði laga nr. 151/2010 hafi valdið honum svo verulegri og óvæntri röskun á fjárhagslegri stöðu að það standi stefnda nær að bera áhættuna af þeim vaxtamun sem áður er lýst, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar 15. október 2015 í málum nr. 34 og 35/2015. Eru því ekki uppfyllt skilyrði til að víkja frá téðum fyrirmælum laga nr. 38/2001 viðvíkjandi endurútreikningi gengistryggðra lána með vísan til fyrrgreindra ákvæða 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sbr. 10. gr. laga nr. 97/1995, og áðurlýstrar reglu fjármunaréttar um fullnaðarkvittanir. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda.

Með hliðsjón af vafaatriðum málsins þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Af hálfu stefnanda flutti málið Árni Helgason hdl.

Af hálfu stefnda flutti máli Andri Andrason hdl.

Skúli Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, Landsbankinn hf., er sýkn af kröfu stefnanda, Dalsnes ehf.

Málskostnaður fellur niður.

Skúli Magnússon